

## REGLUGERÐ

### um loðnuveiðar íslenskra skipa á haust- og vetrarvertíð 2012 til 2013.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða íslenskra skipa úr fiskveiðilandhelgi Íslands, Grænlands og Jan Mayen á tímabilinu frá og með 1. nóvember 2012 til og með 30. apríl 2013.

#### 2. gr.

Aðeins skipum sem hafa aflamark í loðnu er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólölegs sjávarafla.

Leyfilegur hámarksafli íslenskra loðnuveiðiskipa á loðnuvertíðinni er sem hér segir:

A	B	C
<b>Lestir</b>	<b>Lestir</b>	<b>Lestir</b>
206.045	5.769	200.276

Skýringar á töflu:

- A. Leyfilegur heildarafla.
- B. Skerðing skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (2,80%).
- C. Fiskistofa úthlutar til skipa á grundvelli aflahlutdeilda.

#### 3. gr.

Loðnuveiðar eru heimilar í fiskveiðilandhelgi Íslands, Grænlands og Jan Mayen. Þó er íslenskum skipum einungis heimilt að stunda loðnuveiðar austan Hvarfs og norðan 64°30'N í lögsögu Grænlands og er þeim þar aðeins heimilt að veiða 35% af leyfilegum heildarafla íslensku skipanna. Í lögsögu Jan Mayen er þeim aðeins heimilt að veiða 35% af leyfilegum heildarafla íslensku skipanna til 15. febrúar 2013.

Óheimilt er að stunda loðnuveiðar í lögsögu annarra ríkja en skv. 1. mgr. nema að fenginni staðfestingu Fiskistofu á að leyfi til þess hafi fengist frá viðkomandi stjórnvöldum.

Við loðnuveiðar í lögsögu annarra ríkja skal fara eftir reglum sem viðkomandi stjórnvöld setja, auk þess skal tilkynna til Fiskistofu þegar farið er inn í og út úr viðkomandi lögsögu, ásamt upplýsingum um afla um borð í báðum tilvikum, og daglega skal tilkynna um afla síðastliðinn sólarhring. Tilkynningar skal senda á [uthafsv@fiskistofa.is](mailto:uthafsv@fiskistofa.is).

#### 4. gr.

Loðnufla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Heimilt er þó með leyfi Fiskistofu að landa loðnu til bræðslu og heilfrystri loðnu í höfnum erlendis enda sé tryggt að eftirlit með vigtun aflans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Jafnframt er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa óvígtaðri loðnu um borð í vinnsluskip og flutningaskip, enda sé tryggt að skráning og vigtun afla sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Sækja skal um leyfi til löndunar loðnu utan íslenskra hafna til Fiskistofu og skal skipstjóri í umsókn tilgreina nákvæmlega hvar hann hyggst landa aflanum og áætlað magn loðnu. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda loðnunnar, eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir.

Heimilt er að miðla afla úr nótum á miðunum, milli skipa sem hafa leyfi til loðnuveiða í því skyni að koma í veg fyrir að loðnu sé sleppt dauðri úr nótum. Fái veiðiskip svo stórt kast að skipstjóri telji að ekki sé lestarrrými fyrir þann afla sem hann áætlar að sé í nótinni og ekkert skip nærstatt til að miðla loðnufla til, skal heimilt áður en verulega er þrengt að loðnunni í nótinni að sleppa niður lifandi loðnu sem fyrirsjáanlega rúmast ekki í lestum skipsins. Vinnsluskipum er ekki heimilt að sleppa niður loðnu til að samræma afla vinnslugetu.

Um vigtun á loðnu gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 224/2006, um vigtun og skráningu sjávarafla, með síðari breytingum.

5. gr.

Aðeins er heimilt að stunda loðnuveiðar með flotvörpu innan svæðis sem afmarkast af línum sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

1.  $67^{\circ} 11' N - 014^{\circ} 30' V$
2.  $68^{\circ} 00' N - 014^{\circ} 30' V$
3.  $68^{\circ} 00' N - 008^{\circ} 30' V$
4.  $65^{\circ} 15' N - 008^{\circ} 30' V$
5.  $65^{\circ} 15' N - 011^{\circ} 20' V$
6.  $66^{\circ} 05' N - 011^{\circ} 30' V$
7.  $66^{\circ} 15' N - 012^{\circ} 00' V$
8.  $66^{\circ} 12' N - 012^{\circ} 22' V$
9.  $66^{\circ} 40' N - 012^{\circ} 40' V$
10.  $66^{\circ} 47' N - 013^{\circ} 00' V$
11.  $66^{\circ} 52' N - 013^{\circ} 08' V$
12.  $67^{\circ} 11' N - 014^{\circ} 30' V$

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að grípa til skyndilokunar veiðisvæða, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fari hlutfall loðnu, smærri en 14 sm, yfir 20%, miðað við fjölda. Stærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

6. gr.

Stundi skip veiðar á loðnu vestan  $18^{\circ}V$  á tímabilinu 1. nóvember 2012 til og með 31. desember 2012 skulu Hafrannsóknastofnunin og Fiskistofa fylgjast náið með hlutfalli ungloðnu í aflanum. Skulu eftirlitsmenn vera um borð í skipum á meðan á veiðum stendur, að því marki sem stofnanirnar telja vera nauðsynlegt. Með vísan í 4. ml. 13. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum, er eftirlitsaðilum heimilt að krefjast greiðslu alls kostnaðar sem vera eftirlitsmanns um borð í skipi kann að leiða af sér.

7. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 31. október 2012.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Ingvi Már Pálsson.*